

Titill: Vatnslitaáfangi og blönduð tækni.

Heiti: MYNL3BV05

Námsgrein: Myndlist

Viðfangsefni: Vatnslitir og fleiri miðlar, hugmyndavinna og rannsóknarverkefni.

Þrep: 3.þrep

Einingarfjöldi: 5

Forkröfur: MYNL2AT05 og MYNL2AB05

Lýsing:

Í upphafi er unnin hugmyndavinna sem nýtist svo við síðari verkefni. Nemendur læra grunntækni í vinnu með vatnslitamyndum á pappír. Síðan eru skoðuð myndbönd og fleiri ólíkar aðferðir og útfærslur. Gerðar eru prufur og síðan myndir og nemendur hvattir til að nota þær aðferðir sem þeir hafa lært, en jafnframt að vera áræðin og gera tilraunir. Síðast er skoðað hvernig hægt er að vinna vatnslitamyndir með blandaðri tækni. Lokaverk; myndgerður texti, túlkun og/eða myndlýsing.

Í áfanganum eru líka heimavinnuverkefni í formi „rannsóknarverkefna“ í skissubók; fara á listsýningu, kynna listamenn, listastefnur og skrifa um þetta, en einnig er heimavinnu-ljósmyndaverkefni partur af hugmyndavinnu.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- möguleikum ólíkra leiða í hugmynda- og undirbúningsvinnu í gerð myndverka
- hver eru helstu einkenni vatnslitamynda, hverjir eru kostir þess og etv. gallar
- hvar og hvernig má nálgast upplýsingar og þekkingu um menningu og sjónlistir
- hvernig má miðla og njóta lista og menningar í víðum skilningi.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í :

- að kalla fram hugmyndir og vinna með þær
- grunn-tækniatriðum til að getað unnið með vatnsluppleysanlega liti á pappír
- að átta sig á hverig er hægt að vinna með vatnsliti og líka að blanda vatnslitum við aðra miðla.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla athygli og gagnrýna hugsun
- efla frumkvæði og sköpun
- vinna skapandi á frumlegan hátt að eigin myndverkum
- njóta lista og menningar.

Námsmat:

Í kennslustundum er endurgjöf í formi samtals við hvern einstaka nemanda meðan þeir eru að vinna. Annareinkunn er fyrir alla vinnu vetrarins; hugmyndavinnu, þrúfur, tilraunir og myndverk unnið með vatnslitum og líka blandaðri tækni. Nemendur gera tvö eða þrjú list-„rannsóknarverkefni“ og skila inn í skissubók á önninni. Metið jafnóðum.